195. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í Osló

Miðvikudaginn 4. október 2023.

Mættir voru: Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11.40*. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Undirbúningur fyrir fund með dómsmálaráðherra 2. nóvember*. Ingvar, Guðmundur og Smári efna í erindið sem kynnt verður fyrir ráðherra með glærum og skriflegum gögnum. Jóhannes Finnur Halldórsson verður þeim til ráðgjafar. Fundur með ráðherra verður undirbúinn með stuttum fjarfundi.
3. *Umsögn varðandi þingmál númer 122 um skipan starfshóps um umönnun og geymslu líka*. Guðmundur er búinn að efna í drög að umsögn byggðri á minnisblaði frá Ingvari. Guðmundur sendir drög að umsögn til Smára bætir inn umræðu um Akureyri.
4. *Málefni kirkjugarðsins á Bíldudal.* Kirkjugarðurinn á Bíldudal er því sem næst fullgrafinn. Sveitarstjórn sendi erindi þar sem óskað er ráðleggingar hvort stækka eigi kirkjugarðinn eða gera nýjan. Guðmundur mun svara því til að betra sé að stækka garðinn á staðnum en að gera nýjan, því erfitt sé að halda úti tveimur kirkjugörðum á Bíldudal.
5. *Næsti fundur.* Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 1. nóvember kl. 15:00. Hann verður til undirbúnings fyrir fund með ráðherra daginn eftir.
6. *Önnur mál.* Stefnumótunarfundur Kirkjugarðaráðs verður haldinn þriðjudaginn 28. nóvember. Lagt er til að fundað verði í Gufunesi. Stefnumótunarvinna og starfslýsing fyrir nýjan framkvæmdarstjóra. Telst sem desemberfundur Kirkjugarðaráðs.

Fundi var slitið kl. 12.30